

## STF-2017-04 Heilsudagar

Meðal niðurstaða íbúapings 2013 kom fram mikilvægi þess að senda jákvæð skilaboð út á við. Þegar grunnstoðir voru skoðaðar þá var efst á blaði fólkið sjálft, fjölskyldur og einstaklingar. Við þurfum að hlúa að íbúum, ekki síst til að gera sveitarfélagið eftirsóknavert til búsetu. Einnig er auðveldara að laða að nýja íbúa í samfélag þar sem stutt er við heilsusamlegan lífstíl. Bætt lýðheilsa miðar að því að viðhalda og efla heilbrigði fólks með forvarnarstarfi og samfélagslegri ábyrgð, með þeim hætti er m.a. hægt að draga úr líkum á langvinnum sjúkdómum og auka andlega og líkamlega vellíðan.

Stefnt að því að allt árið hafi íbúar í Skaftárhreppi heilsu og heilsusamlegan lífstíl að leiðarljósi en einu sinni á ári verði fastir dagar sem eru helgaðir heilsusamlegum lífstíl. E.t.v þemadagar á vinnustöðum og fyrirtækjum og /eða grunn- og leikskóli. Á heilsudögum eru ýmsir viðburðir, s.s fyrirlestrar, heilsufarsmælingar og ýmis námskeið og kennsla t.d í hreyfingu, fræðsluefni dreift o.fl.

Verkefninu var úthlutað kr. 300.000.- árið 2017.